



VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS

SKOÐUN VIÐSKIPTARÁÐS 19. JANÚAR 2011

ÁBYRGÐ VIÐSKIPTARÁÐS

... tryggja þarf að samskonar ástand verði ekki aftur ríkjandi ...

Í kjölfar falls bankakerfisins haustið 2008 hefur Íslendingum verið ofarlega í huga að gera upp og skilja hjá hverjum ábyrgð á þeirri atburðarás liggur. Er það bæði rétt og nauðsynlegt svo hægt sé að læra af því sem gerðist, breyta starfsháttum og tryggja að samskonar ástand verði ekki aftur ríkjandi.

... ráðið hefur því ekki farið varhluta af gagnrýni á störf þess á árunum fyrir fall bankanna ...

Ágætt er að nota orðið „ástand“ yfir það hugarfar sem hér var ráðandi fyrir hrun. Með sanni má segja að margir hafi gagnrýnislítið tekið þátt í því að hér varð til kerfi sem ekki tókst að vinda ofan af nema með þeim afleiðingum sem nú eru öllum kunnar. Viðskiptaráð Íslands getur ekki skorast undan að hafa verið þátttakandi í því. Ráðið hefur því ekki farið varhluta af gagnrýni á störf þess á árunum fyrir fall bankanna, en sú gagnrýni snýr að nokkrum meginatriðum:

- » Skýrslum um fjármálakerfið frá árunum 2006 og 2007
- » Meintum áhrifum á ákvarðanir löggjafans
- » Áherslu á sjálfsprottnar reglur atvinnulífs
- » Ofmetnaði í útgáfu
- » Stuðningi við innihaldslítinn í myndaráróður

... fagnar ráðið gagnrýninni og málefnalegri umræðu ...

Því miður hefur gagnrýni á þessa þætti í starfsemi ráðsins að mörgu leyti verið réttmæt. Fram kemur í skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis að starfsháttum viðskiptalífsins var ábótavant árin fyrir hrun, meðal annars hvað varðar gagnsæi, góða stjórnarhætti og samfélagslega ábyrgð fyrirtækja. Þar stóð Viðskiptaráð ekki vaktina sem skyldi og fagnar ráðið gagnrýninni og málefnalegri umræðu. Á grunni hennar verður lögð rík áhersla á endurskoðun

ýmissa þátta í starfi Viðskiptaráðs. Sú endurskoðun hófst raunar fljótlega eftir bankahrun og hefur verið áherslumál stjórnar ráðsins síðan þá. Þar má einna helst nefna:

... ráðið hefur starfað í 93 ár og alla tíð staðið fyrir ákveðin grunngildi ...

- » Endurskoðun á innra starfi, t.a.m. beinni aðkomu stjórnar að starfsemi ráðsins, vinnulagi við útgáfu, samsetningu framkvæmdastjórnar og aukið vægi smærri fyrirtækja í starfi ráðsins
- » Vinnuhópa stjórnar um sjálfbærni, bættu upplýsingagjöf atvinnulífs, efnahagsmál og nýsköpun
- » Umbótaþing Viðskiptaráðs vorið 2010
- » Nýja og breytta útgáfu leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja
- » Ræður formanna VÍ á Viðskiptaþingi 2009 og 2010

... Viðskiptaráð hefur ávallt lagt áherslu á mikilvægi einstaklingsframtaks og markaðsbúskapar ...

Málefnnastarfi Viðskiptaráðs er hins vegar ekki ætlað að vera óumdeilt. Ráðið hefur starfað í 93 ár og alla tíð staðið fyrir ákveðin grunngildi. Sérstök áhersla hefur verið lögð á að stærð og umsvif hins opinbera raski ekki jafnvægi milli opinberra og einkaaðila í hagkerfinu. Því tengt hefur Viðskiptaráð ávallt lagt áherslu á mikilvægi einstaklingsframtaks og kröftugs markaðsbúskapar fyrir framþróun heilbrigðs og alþjóðlega samkeppnishæfs atvinnulífs. Hvoru tveggja er grundvöllur verðmætasköpunar og velferðar í íslensku samfélagi.

Þessi gildi eiga, nú sem fyrr, afar vel við. Vel skipulagður markaðsbúskapur á grunni athafna framtakssamra einstaklinga mun varða leið úr núverandi efnahagsöngum og verður áfram megináhersla í starfi Viðskiptaráðs. Engu að síður munu stjórn og starfsfólk Viðskiptaráðs, með hliðsjón af þeirri gagnrýni sem hér er fjallað um, halda áfram frekari endurskoðun á áherslum ráðsins. Í því starfi verður sérstaklega hugað að markvissari stuðningi við góða stjórnarhætti og gott siðferði í íslensku atvinnulífi.

... *Financial Stability in Iceland* fjallaði um þá þjóðhagslegu þætti sem snéru að fjármálastöðugleika hagkerfisins ...

I. SKÝRSLUR VÍ UM FJÁRMÁLAKERFIÐ

Á vormánuðum ársins 2006 gaf Viðskiptaráð Íslands út skýrsluna „*Financial Stability in Iceland*“, sem skrifuð var af tveimur prófessorum í hagfræði. Markmið skýrslunnar var að varpa ljósi á stöðu og styrkleika íslenska fjármálakerfisins, en talsverð umræða hafði spunnist á alþjóðlegum fjármálamörkuðum um það efnahagslega ójafnvægi sem ríkti á Íslandi á þeim tíma. Skýrslan fjallaði lítið um rekstur íslenskra fjármálastofnana, heldur fyrst og fremst um þá þjóðhagslegu þætti sem snéru að fjármálastöðugleika hagkerfisins.

... skýrslurnar hafa sætt gagnrýni fyrir að hafa varpað of jákvæðu ljósi á stöðu íslenska fjármálakerfisins ...

Haustið 2007 gaf Viðskiptaráð út aðra skýrslu, sem bar heitið „*The Internationalisation of Iceland's Financial Sector*“ og var hún einnig skrifuð af tveimur hagfræðiprófessorum. Í skýrslunni er rýnt í rekstur og fjármögnun íslensku bankanna út frá opinberum gögnum ásamt skýrslum innlendra og erlendra stofnana og matsfyrirtækja. Niðurstöðurnar voru bornar saman við norræna banka af sambærilegri stærð. Auk þess var fjallað um þjóðhagslegar afleiðingar af stærð bankakerfisins og þeirri óformlegu evruvæðingu sem hafði átt sér stað árin á undan.

Skýrslurnar hafa sætt nokkurri gagnrýni, fyrst og fremst fyrir þær sakir að hafa varpað of jákvæðu ljósi á stöðu íslenska fjármálakerfisins. Þessi gagnrýni er skiljanleg í ljósi þeirra atburða, sem áttu sér stað á haustmánuðum 2008, en er þó að mörgu leyti ómakleg gagnvart höfundum skýrslanna. Í

... ekki var nægilega lagt upp úr því að kynna eða taka tillit til gagnrýni höfunda ...

báðum skýrslunum er ekki eingöngu fjallað um styrkleika íslenska hag- og fjármálakerfisins, heldur einnig bent á veigamikla veikleika og lagðar fram tillögur til úrlausna í þeim efnum. Eins ber að hafa í huga að upplýsingar um stöðu eignasafna bankanna voru óaðgengilegar þangað til eftir hrun auk þess sem ýmsar mikilvægar forsendur, líkt og hlutfallsleg stærð fjármálakerfisins, breyttust umtalsvert frá fyrri útgáfu fram að hrúni bankanna.

Það má hinsvegar með réttu gagnrýna að í umræðunni hafi nánast eingöngu verið lögð áherslu á þá jákvæðu þætti sem fram komu í skýrslunum. Ekki var nægilega lagt upp úr því að kynna eða taka tillit til gagnrýni höfunda, eins og full ástæða var til. Eðlilegt hefði verið að leggja áherslu á að rannsaka til hlítar þá veikleika kerfisins sem greint var frá í skýrslunum. Það er því einkum framsetning og nýting umræddra skýrslna sem verðskuldar gagnrýni og í þeim efnum ber Viðskiptaráð Íslands vissulega ábyrgð. Ofangreindar áherslur endurspeglar skort á gagnrýni sem ráðið, og margir aðrir, gerðu sig seka um í aðdraganda hrunsins.

... ráðið veitir reglulega álit sitt á væntanlegri löggjöf ...

II. MEINT ÁHRIF Á ÁKVARÐANIR LÖGGJAFANS

Annar þáttur í starfsemi Viðskiptaráðs, sem verið hefur gagnrýndur, snýr að samskiptum þess við löggjafann. Líkt og margir hagsmunaaðilar veitir ráðið reglulega álit sitt á væntanlegri löggjöf með svokölluðum umsögnum sem skilað er til viðkomandi þingnefnda. Slíkt samráð löggjafans við hagsmunaaðila er mikilvæg forsenda vandaðrar lagasetningar og því er öllum sem telja sig mál varða frjálst að skila inn umsögnum. Hins vegar er það svo að einhverjir telja að Viðskiptaráð hafi haft ráðandi áhrif á stjórnvöld og þá Alþingi í fjöldamörg ár fram að hrúni hagkerfisins. Því hefur verið haldið fram að níu af hverjum tíu tillögum ráðsins hafi beinlínis orðið að lögum án athugasemda af hálfu framkvæmda- eða löggjafarvaldsins.

... eingöngu er um að ræða umsagnir um fyrirbyggjandi lagafrumvörp frá Alþingi ...

Þessar tölur eiga rætur sínar að rekja til skoðunar sem Viðskiptaráð gaf út sumarið 2006 þar sem því er vissulega haldið fram að Alþingi hafi í 90% tilvika farið eftir tillögum Viðskiptaráðs. Ef rýnt er skoðunina má sjá að gagnrýnin er ekki að fullu í samræmi við efni hennar. Í fyrsta lagi tekur umrædd úttekt Viðskiptaráðs aðeins til eins löggjafarþings, frá hausti 2005 til vors 2006. Í öðru lagi er eingöngu um að ræða umsagnir um fyrirbyggjandi lagafrumvörp frá Alþingi, ekki almennar tillögur ráðsins í daglegri starfsemi þess. Á umræddu þingi lagði ráðið fram umsagnir við 24% af heildarfjölda frumvarpa og 9% allra þingsályktunartillagna, en þingmálin vörðuðu málefni á borð við breytingar á skattalögum til ályktana um könnun á kostum og göllum færeyska fiskveiðistjórnunarkerfisins.

... fullyrðing um áhrif á ákvarðanir löggjafans er því ekki í samræmi við efni skoðunarinnar ...

Í nokkrum þessara tilvika var samhljómur á milli umsagna Viðskiptaráðs og endanlegrar niðurstöðu Alþingis, en að auki var í skoðun ráðsins talinn með til útreiknings á hlutfalli sá ríflegi helmingur þingmála sem ekki voru gerðar athugasemdir við. Fullyrðing Viðskiptaráðs um áhrif þess á ákvarðanir löggjafans er því ekki í samræmi við efni skoðunarinnar og stenst ekki frekari athugun. Slík vinnubrögð eru ekki í samræmi við hlutverk Viðskiptaráðs og ekki sæmandi ríflega 90 ára sögu um árangursríkt starf í þágu atvinnulífs og samfélags.

III. ÁHERSLA Á SJÁLFSPROTTNAR REGLUR

Í skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis kemur fram að starfsemi Viðskiptaráðs sé ekki talin hafa stuðlað með beinum hætti að falli íslensku bankanna og

... full ástæða er til að taka tillit til nokkurra þátta í gagnrýni vinnuhóps og nýta til umbóta í starfi ráðsins ...

... hún hefur verið túlkuð á þann hátt að VÍ hafi viljað sem flestar opinberar reglur á bak og burt ...

... verulega skorti á eftirfylgni með leiðbeiningunum innan atvinnulífsins ...

... Viðskiptaráð og atvinnulífið almennt hefðu átt að leggja ríkari áherslu á hvernig styrkja mætti gott siðferði ...

Því tjóni sem af því hlaut. Engu að síður er velt upp þeirri siðferðilegu ábyrgð sem fólgin var í málefnnastarfi ráðsins árin fyrir hrun. Þessa umfjöllun má finna í niðurstöðum vinnuhóps, sem leggja átti mat á hvort skýringar á falli bankanna og tengdum efnahagsáföllum væri að leita í starfsháttum og siðferði, en hópurinn birti skýrslu sína samhliða rannsóknarskýrslunni. Þó ákveðnar niðurstöður vinnuhópsins séu umdeilanlegar, eru nokkrir þættir í gagnrýni hans á málefnnastarf Viðskiptaráðs sem full ástæða er til að taka tillit til og nýta til umbóta í starfi ráðsins.

Stór hluti gagnrýnnar snýr að málflutningi ráðsins um að augin þátttaka fyrirtækja við mótnun eigin leikreglna gæti stuðlað að aukinni hagsæld á Íslandi. Þessi gagnrýni er grundvölluð á skoðun sem Viðskiptaráð gaf út um sjálfsprottnar reglur sumarið 2006, en hún hefur verið túlkuð á þann hátt að VÍ hafi viljað sem flestar opinberar reglur á bak og burt. Þrátt fyrir að orðalag skoðunarinnar væri á köflum klaufalegt voru skilaboðin miklu fremur þau að stjórnvöld könnuðu kosti þess að eftirláta atvinnulífinu að setja sér viðmiðunarreglur áður en til nýrrar löggjafar kæmi. Með þeim hætti mætti í einhverjum tilvikum koma í veg fyrir óþjála lagasetningu og auka sveigjanleika sem almennt hefur verið talinn efnahagslífi til tekna.

Þessi afstaða ráðsins byggði m.a. á hlutverki hefðbundinna samþykka hlutafélaga, á góðri reynslu af Kauphallarreglum, sem og á leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja, sem voru fyrst gefnar út árið 2003 og endurskoðaðar árið 2005. Nú liggur fyrir að leiðbeiningarnar, sem gefnar voru út sameiginlega af Viðskiptaráði, Samtökum atvinnulífs og Kauphöll, skiluðu ekki þeim árangri sem lagt var upp með. Verulega skorti á eftirfylgni með leiðbeiningunum innan atvinnulífsins, eins og rætt er opinskátt í nýjustu útgáfu leiðbeininga ofangreindra aðila frá 2009.

Í skýrslu vinnuhópsins er réttilega bent á að í umfjöllun Viðskiptaráðs um aukið athafnafrelsi atvinnulífs hafi verið gengið út frá þeirri forsendu að viðskiptalífið kynni að fara með þá ábyrgð sem í frelsinu fælist. Því miður sýnir reynslan að í of mörgum tilfellum reyndist það ekki raunin, þó gæta verði þess að dæma ekki heildina út frá fáum einstaklingum. Í öllu falli er ljóst að Viðskiptaráð og atvinnulíf almennt hefðu á þessum árum átt að leggja mun ríkari áherslu á umfjöllun um hvernig styrkja mætti gott siðferði og stuðla að samfélagslegri ábyrgð viðskiptalífs. Að sama skapi hefði þurft að fylgja leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja eftir með mun virkari hætti. Ákveðin skref hafa verið stigin til að leiðrétta þessi mistök. Ný og afgerandi útgáfa stjórnarháttaleiðbeininganna ber þess glögggt vitni, en þær fela í sér reglur til viðbótar við löggjöf. Þar verður hinsvegar ekki látið staðar numið.

IV. OFMETNAÐUR Í ÚTGÁFU

Önnur gagnrýni í garð Viðskiptaráðs er að útgáfa þess hafi á tímabili einkennst af ofmetnaði. Þar er einkum vísað til ummæla í skýrslu ráðsins frá því í febrúar árið 2006 þar sem m.a. er lagt til að „Ísland hætti að bera sig saman við Norðurlöndin enda stöndum við þeim framfar á öllum sviðum“. Þetta hefur verið túlkað sem almenn afstaða Viðskiptaráðs til þess sem Norðurlöndin hafa upp á að bjóða. Það var hins vegar skýrt að með setningunni er sérstaklega vísað til skattkerfa landanna sem hafa verið mótuð með ólíkum áherslum, en tilvitnunina er að finna í kafla undir annars óheppilegum titli „Segjum skattalega skilið við Skandinavíu“.

... einföld skattkerfi með lágum jaðarsköttum hafa reynst ríkjum heims vel í gegnum tíðina ...

... Viðskiptaráð hefur almennt lagt til að stjórnvöld ættu ekki að einskorða sig við eina fyrirmynd ...

... lítið gagnast að móta og styrkja ímynd sem er án innistæðu ...

... kröftum VÍ hefði betur verið varið í að stuðla að heilbrigðri gagnrýni og vinna gegn áhættusækni ...

... Viðskiptaráð hefur ávallt fagnað málefnalegri og upplýstri gagnrýni ...

Ljóst er að full ástæða er til að gagnrýna orðfæri sem þetta og jafn ljóst að Ísland gat þá, eins og nú, lært margt af Norðurlöndunum. Þau eru t.d. góðar fyrirmyndir er kemur að hófsemi, áhættufælni, langtímaáætlanagerð, góðum stjórnarháttum fyrirtækja, gagnsæi og heiðarleika í stjórnsýslu, samvinnu í stjórnámálum, stöðugleika í peningámálum, öguðum markaðsbúskap og öflugri eftirfylgni regluverks. Inntak ofangreindrar tilvitnunar byggir hins vegar á þeirri staðreynd að Norðurlöndin hafa grundvallað skattkerfi sín á stigvaxandi sköttum, miklum tekjutengingum og tiltölulega flóknu bótakerfi. Þetta leiddi til þess að jaðarskattar voru komnir langt umfram það sem eðlilegt gat talist. Einföld skattkerfi með lágum jaðarsköttum hafa reynst ríkjum heims vel í gegnum tíðina, þ.m.t. Íslandi, og eflaust vegna þess hafa frændur okkar á Norðurlöndum einfaldað sín kerfi á undanförunum árum og lækkað jaðarskatta. Slík stefnumörkun á ekki síður við hér á landi en þar.

Almennt hefur Viðskiptaráð lagt til að stjórnvöld ættu í stefnumörkun sinni að horfa til þeirra ríkja sem standa fremst á hverju sviði og ekki einskorða sig við eina fyrirmynd. Margt má læra af Norðurlöndunum, en ekki síður af öðrum löndum sem státa af stöðugum og afar góðum lífskjörum, t.a.m. Sviss, Ástralíu, Kanada, ýmsum ríkjum Evrópusambandsins og iðnríkjum Asíu. Þetta á enn við og mun stuðla að efnahagslegum umbótum og því að Íslendingar búi áfram við lífskjör eins og þau gerast best í heiminum. Almenn samstaða ríkir um að einföld skattkerfi eru hagfelldari en flókin og er það inntak í fyrrgreindum kafla í skýrslu Viðskiptaráðs. Það er hinsvegar erfitt að afsaka ofangreinda framsetningu og eðlilegt að hún hafi vakið jafn neikvæð viðbrögð og raun bar vitni.

V. ÍMYNDARSTARF ÁN INNIHALDS

Í umfjöllun siðferðishóps rannsóknarnefndar Alþingis er einnig fjallað um þá ímyndarvinnu sem Viðskiptaráð stóð fyrir undir handleiðslu erlends sérfræðings í ímynd þjóða. Ljóst er að þar hefði betur átt að vanda til verka. Niðurstöður þeirrar vinnu, sem kynntar voru á Viðskiptaþingi árið 2007 undir yfirskriftinni „Ísland: Best í heimi?“, einkennast um of af því ofmati á eigin ágæti sem litaði tíðaranda árána fyrir hrun.

Þrátt fyrir að vissulega geti verið gagnlegt að rannsaka uppruna og helstu einkenni þjóða, gagnast lítið að móta og styrkja ímynd sem er án innistæðu. Heppilegra hefði verið að móta ímynd íslensks viðskiptalífs, stjórnsýslu og samfélags með verkum sem endurspeglu ábyrga starfshætti og gott siðferði. Kröftum Viðskiptaráðs hefði vafalaust verið betur varið í stuðla að heilbrigðri gagnrýni og vinna gegn áhættusækni og áherslu á skammtímahagsmuni, t.a.m. með því beita sér fyrir auknu gagnsæi viðskiptalífs, leggja enn frekari metnað í upplýsingamiðlun og stuðla með virkari hætti að bættum stjórnarháttum.

VIÐBRÖGÐ VIÐ GAGNRÝNI

Viðskiptaráð hefur ávallt fagnað málefnalegri og upplýstri gagnrýni, og ekkert síður þegar hún beinist að starfi ráðsins sjálfs. Það er miður að of oft hefur starf ráðsins á undanförunum árum átt slíka gagnrýni skilið. Þó er rétt að geta þess að í allmörgum tilvikum hefur gagnrýnin byggt á misskilningi um álit Viðskiptaráðs á tilteknum málum. Að þessu hefur ráðið að hluta til sjálft stuðlað, með óvönduðum ummælum eða áherslum í útgáfu og getur því vart kveinkað sér undan. Á köflum hefur gagnrýnin þó gengið heldur

... aðgerðir og áherslur Ví hafa tekið mið af því sem betur mátti fara í starfi ráðsins ...

... áhersla er lögð á að hvetja fyrirtæki til að fara eftir leiðbeiningunum ...

... margir komu í fyrsta sinn að stjórn ráðsins, sem endurspeglar breidd íslensks viðskiptalífs ...

... á umbótaþingi lögðu tæplega 100 stjórnendur úr hópi félaga ráðsins fram margvíslegar tillögur ...

... ríkur vilji er í röðum atvinnulífsins til að færa starf og áherslur til betri vegar ...

lengra en efni standa til með illa grunduðum og jafnvel ómálefnalegum upphrópunum, sem er umræðunni um ábyrgð ekki til framdráttar.

Aðgerðir og áherslur Viðskiptaráðs hafa tekið mið af því sem betur mátti fara í starfi ráðsins fyrir fall bankakerfisins og er reifað hér að ofan. Áhersla hefur verið lögð á hófsemi, að tillögur og ábendingar byggji á málefnalegum rökum og að gagnrýni fylgi ávallt einnig tillögur að lausnum.

NÝJAR LEIÐBEININGAR UM STJÓRNARHÆTTI

Mörg ápreifanleg skref hafa verið stigin til umbóta. Um mitt ár 2009 voru gefnar út nýjar leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja eftir gagngera endurskoðun. Þar er m.a. fjallað sérstaklega um að viðtökur viðskiptalífs við fyrri leiðbeiningum hafi valdið verulegum vonbrigðum. Áhersla er lögð á hvetja fyrirtæki til að fara eftir leiðbeiningunum, m.a. með aukinni upplýsingaskyldu, bættu kynningarstarfi og úttekjum á starfsháttum atvinnulífs.

BREYTT VINNULAG

Kosið er til stjórnar Viðskiptaráðs á tveggja ára fresti, nú síðast í febrúar 2010. Margir komu í fyrsta sinn að stjórn ráðsins, sem endurspeglar breidd íslensks viðskiptalífs, en kjörfyrirkomulagi var einnig breytt til að auka vægi smærri fyrirtækja í stjórn. Eins og fram hefur komið í umfjöllun hér að ofan hafði fyrri stjórn gert talsverðar áherslubreytingar og skerpt á vinnulagi. Ný stjórn hélt áfram á þeirri braut og hófst þegar handa við stefnumótun á grunni reynslu síðustu ára. Fólst það meðal annars í að setja á fót þrjár stjórnarnefndir sem fjalla um sjálfbærni atvinnulífs, þ.m.t. áhersla á viðskiptasiðferði og stjórnarhætti, um áherslur í efnahagsmálum og um umhverfi til nýsköpunar og vaxtar. Þá hefur aðkoma stjórnar að innra starfi ráðsins verið aukin með breyttu vinnulagi við útgáfu, auk starfsemi áðurnefndra stjórnarnefnda.

UMBÓTAPING MÓTAR ÁHERSLUR

Fyrrgreindar stjórnarnefndir stóðu fyrir Umbótaþingi Viðskiptaráðs í júní síðastliðnum þar sem tæplega 100 stjórnendur úr hópi félaga ráðsins lögðu fram margvíslegar tillögur til umbóta fyrir atvinnulífið sjálft að vinna að. Markmið þingsins voru þrjú: (1) Að ýta undir framfarir og heilbrigða viðskiptahætti til frambúðar, (2) að nýta þau kaflaskil sem skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis lagði grunn að til uppbyggingar fyrir komandi kynslóðir og (3) að sýna að íslenskt viðskiptalíf getur lært af mistökum og hefur vilja til að bæta það sem aflaga fer.

Það er m.a. undir Viðskiptaráði komið að ofangreind markmið náist en miðað við áhuga félaga á verkinu og efni tillagna þingsins er ríkur vilji í röðum atvinnulífsins til að færa starf og áherslur til betri vegar. Fjöldi ábendinga á þinginu vörðuðu með beinum hætti bætt vinnubrögð íslenskra fyrirtækja, s.s. aukna áherslu á langtímasjónarmið, aukið innbyrðis aðhald, meiri fjölbreytni stjórnendateyma og markvissari eftirfylgni við leiðbeiningar um góða stjórnarhætti. Þá var áberandi ákall um bættu upplýsingagjöf meðal fyrirtækja og atvinnulífsins í heild, sem Viðskiptaráð hefur m.a. mætt með því að leggjast á árarnar í vinnu við að auka gagnsæi atvinnulífs. Átak með yfirvöldum um bætt skil ársreikninga og eftirfylgni við stjórnarhætti endurspeglar þessa áherslu í starfi ráðsins.

Viðskiptaráði voru falin margvísleg hlutverk í úrvinnslu verkefna umbótaþingsins og munu niðurstöður þess veita stjórn leiðsögn um áherslur og setja þannig mark á starfsemi Viðskiptaráðs næstu misseri.

... VÍ hefur starfað í 93 ár og hefur frá stofnun staðið fyrir ákveðin grunngildi ...

UNNIÐ AÐ HAGSMUNUM HEILDARINNAR

Viðskiptaráð Íslands hefur starfað í 93 ár og hefur frá stofnun staðið fyrir ákveðin grunngildi eða áherslur í uppbyggingu íslensks samfélags. Þessar áherslur eru skráðar í lög ráðsins, en samkvæmt þeim skal ráðið m.a.:

... rætur bankahrunsins liggja ekki í skipulagi sem byggir á framtakssemi og áræði einstaklinga ...

- » Vinna að auknum utanríkisviðskiptum og vera fulltrúi íslensks viðskiptalífs gagnvart erlendum aðilum.
- » Stuðla að bættri þekkingu, menntun, rannsóknum og nýsköpun á sviði viðskipta.
- » Vera vettvangur fyrir nýjar hugmyndir, opnar umræður og skoðanaskipti um framfaramál íslensks atvinnulífs.
- » Vinna að aukinni framleiðni á öllum sviðum viðskipta og stuðla að samvinnu og samstöðu viðskiptalífsins og opinberra aðila um að innleiða nýja og hagkvæmari viðskiptahætti.
- » Berjast gegn útpenslu hins opinbera og aukinni skattheimtu á kostnað atvinnulífsins og vinna að umbótum í skattamálum, einkavæðingu og bættri réttarstöðu í samskiptum við opinbera aðila.

... þetta eru hinsvegar gildin sem munu varða braut endurreisnar íslenska hagkerfisins ...

Þessi grunngildi eiga sérlega vel við í dag. Ef horft er til Norðurlandanna má sjá að kröftugur markaðsbúskapur liggur til grundvallar öfluglu velferðarkerfi. Það sama á við hér. Rætur bankahrunsins liggja því ekki í skipulagi sem byggir á framtakssemi og áræði bæði einstaklinga og fyrirtækja. Þetta eru hinsvegar gildin sem munu varða braut endurreisnar íslenska hagkerfisins. Þau munu einnig áfram vera grundvöllur málefna starfs Viðskiptaráðs Íslands, að teknu tilliti til þeirrar réttmætu gagnrýni sem hér hefur verið reifuð. Stjórn og aðstandendur ráðsins leggja ríka áherslu á að markmið Viðskiptaráðs sé fyrst og fremst að stuðla að bættum lífskjörum á Íslandi þar sem hafðir eru að leiðarljósi hagsmunir órofa heildar sem heimili og atvinnulíf mynda.

Nánari upplýsingar veita Finnur Oddsson framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs í síma 510-7100 og Tómas Már Sigurðsson formaður stjórnar í síma 470-7900. Smellið hér fyrir fjölmiðlahorn Viðskiptaráðs.